

21. mars 1983

253

Nr. 149

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Í stað c) og d) liðar 1. töluliðar 1. mgr. 2. gr. komi tveir liðir er hljóði svo:

c) 63°10'0 N 21°10'0 V

d) 63°10'0 N 22°00'0 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. mars 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

10. mars 1983

Nr. 150

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem hefur menntun á sviði heilbrigðiseftirlits, sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita állts Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

3. gr.

Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

- a) Háskólapróf í heilbrigðiseftirliti,
- b) háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms og/eða starfsreynslu,
- c) önnur sambærileg menntun.

4. gr.

Heilbrigðisfulltrúi starfar að heilbrigðiseftirliti í umboði heilbrigðisnefnda samkvæmt ákvæðum laga og regna, sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðisfulltrúi starfar ennfremur fyrir svæðisnefnd í samræmi við 26. gr. laga nr. 50/1981.

Heilbrigðisfulltrúi er í starfi sínu háður faglegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 57/1978, 3. gr. 1. tl. 2. mgr.

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða edli máls. Þagnarskylda heilbrigðisfulltrúa helst, þótt hann láti af störfum.

7. gr.

Um refsingu vegna brota heilbrigðisfulltrúa í starfi, sviftingu starfsleyfis og endurveitingu gilda ákvæði læknalaga nr. 80/1969. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 26. gr. 6. tl. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skulu heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem voru í starfi við gildistöku laga nr. 50/1981, eiga rétt á starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari, sækja þeir um það, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við áðurgildandi lög.

Þeir aðilar, sem voru í starfi 1. ágúst 1982 og ráðnir voru, án þess að uppfyllt væru skilyrði laga nr. 12/1969, geta að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins fengið tímabundið starfsleyfi, þó eigi lengur en til næstu áramóta. Óski þeir eftir fullu starfsleyfi að þeim tíma loknum, skulu þeir sækja sérstaklega um það. Skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu er, að Hollustuvernd ríkisins mæli með henni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.